Anne Marie de Puits frá New York hafði skipulagt Íslandsferð með ástinni sinni. Ástin brást en Anne ákvað að rjúfa ástarsorgina og leita hamingjunnar ein í norðri.



VIÐTAL

Reynir Traustason
rt@stundin.is

Leitaði hamingjunnar á Íslandi í ástarsorg



Anne Marie Skipulagði ferð með manninum sem hún var ástfangin af. Hann hætti við og kvæntist annarri konu, en hún fór samt. MYNDIR: ÚR EINKASAFNI

Hugmyndin um að fara til Íslands fæddist eftir að ég útskrifaðist árið 2013 frá háskóla. Þetta er dálítið rómantísk saga. Ég var leynilega ástfangin af vini mínum heima í Bandaríkjunum. Áður en ég hélt til tveggja ára náms í Portúgal hittumst við. Hann sagði mér hve mikið hann langaði til að fara til Íslands og nefndi þann möguleika að við gætum farið saman eftir að ég útskrifaðist," segir Anne Marie de Puits, frá Denver í Bandaríkjunum, sem ferðaðist um allt Ísland þvers og kruss sumarið 2016 í leit að hamingjunni. Ferðalag hennar var merkilegt fyrir þær sakir að hún hafði aðeins með sér svefnpoka og dúk til að sofa undir og lét það ráðast af samtölum við Íslendinga á förnum vegi til hvaða áfangastaða hún færi hverju sinni.

En eftir tveggja ára nám í Portúgal var komin upp breytt staða. Ástvinur hennar var ekki lengur tilbúinn að fara í umrædda ferð.

„Hann hafði orðið ástfanginn af annarri konu. Þau gengu í hjónaband og áttu saman barn. Ég sat eftir með brostnar vonir og Íslandsferðin virtist vera út úr myndinni. Tveggja ára draumur virtist vera út úr myndinni," segir Annie.

Rakti sig eftir hamingju fólks

Hugmyndin um ferðina til Íslands vék ekki úr huga hennar þótt ástin hefði fokið út í veður og vind. Anne hugsaði sinn gang og ákvað svo að láta til skarar skríða. Tilgangur ferðarinnar var þó ekki lengur sá að njóta ferðarinnar með ástvini. Þess í stað ákvað hún að leita hamingjunnar ein á eyju íss og elda. Vandinn var hins vegar sá að hún var blönk.

„Ég notaði þrjú ár eftir útskriftina til að safna fyrir ferðinni til Íslands. Ég ákvað að vera á Íslandi þegar ég yrði þrítug. Ég er ekkert fyrir að gera ítarleg plön. Margir vilja sjá allt ferðalag sitt fyrir en ég er meira fyrir að láta ráðast hvert ég færi. Ég er ekki þannig. Ég vissi því að þegar ég færi til Íslands yrði ekki skipulag á því hvaða staði ég myndi heimsækja. Skömmu áður en ég hélt upp í ferðina laust niður hugmynd þar sem ég lá uppi í rúmi og hugsaði um fyrirhugaða ferð. Ég var afskaplega óhamingjusöm á þessum tíma og afréð að leita uppi hamingjuna með því að finna draumastaðina í lífi mínu. Ég ákvað að fá Íslendinga til að sýna mér þá staði sem gerði þá hamingjusama."

Anne lagði upp í Íslandsferðina með það að leiðarljósi að hamingjuna væri að finna á Íslandi.

„Ég lagði upp með það að spyrja heimamenn um stærstu hamingjustundir þeirra og fara á staðina þar sem þeir höfðu átt þær stundir. Þannig myndi ég ferðast um Ísland."

Fann fyrsta vegvísinn í Leifsstöð

Anne Marie stóð við áform sín. Strax við komuna í Leifsstöð lét hún til skarar skríða og leitaði uppi fyrsta álitsgjafann.

> **Hann hafði orðið ástfanginn af annarri konu.**



„Ég spurði íslenskan flugvallarstarfsmann um stærsu hamingjustundir hans. Hann var í reykingapásu og hafði lítinn áhuga á því að ræða við mig, einhvern túrista. Það var því fátt um svör og hann sýndi mér engan áhuga. En loksins dró ég upp úr honum að hann og fjölskylda hans hefðu tjaldað í Vestmannaeyjum. Ég ákvað að fara þangað."

Anne Marie hélt af stað á puttanum í leit að Vestmannaeyjum og hamingjunni. Norskir bræður tóku hana upp í og óku henni að Landeyjahöfn.

„Þegar til Landeyjahafnar kom ákváðu bræðurnir að fylgja mér til Eyja. Ég hafði ekki með mér tjald en lét plastdúk nægja til að skýla mér. Þeir voru ekki heldur með tjald þar sem þeir gistu í ferðinni þar sem svefnpokapláss var að finna. Við fundum helli sem við komum okkur fyrir í og skemmtum okkur vel. Þetta var yndislegt. Við elduðum saman og nutum lífsins. Það var frekar kalt um nóttina. Um morguninn héldu þeir heimleiðis en ég notaði daginn til að skoða eyjuna. Ég gekk meðal annars á Eldfell og var svo aðra nótt í hellinum. Þegar ég kom niður af Eldfelli hitti ég konu sem heitir Bergljót sem ók mér að ströndinni. Á leiðinni spurði ég hvaðan hún ætti sínar bestu minningar. Hún sagði það vera heima hjá sér í Vestmannaeyjum. Og hún bauð mér þangað. Eftir heimsóknina fór ég aftur í hellinn og fékk mér blund áður en ég færi aftur með ferjunni í land. Ég vaknaði við hlátur tveggja ungra stúlkna. Þetta reyndust vera vinkonur. Ég spurði um hamingjustundir þeirra. Þær sögðu mér frá Garðabæ þar sem þær ólust upp. Þær nefndu götuna og leiksvæði þar sem þær léku sér gjarnan. Ég ákvað að fara þangað."

Skammt frá hamingjustað stúlknanna í Garðabæ hitti hún bifvélavirkja. Hann átti góðar minningar frá Flúðum. Þangað stefndi Anne eftir að hafa upplifað Garðabæ.

Að fallegum foss og á Strandir

„Á Flúðum hitti ég konu sem heitir Dóra. Hún átti góðar minningar frá sveitabýli í grennd við Hofsós. Ég hélt af stað á puttanum en gat ómögulega borið fram nafn staðarins og þurfti að sýna fólki nafnið skrifað. Það var kona að nafni Guðbjörg sem ók mér á staðinn. Á leiðinni sagði hún mér frá eftirminnilegri hestaferð í Þórsmörk. Ég varð því að fara þvert yfir landið aftur til að komast þangað. Þegar ég hélt frá Þórsmörk hitti ég tæplega tvítugan mann. Hann sagði frá námi sínu við flugskóla. Ég hóf leitina að flugskólanum sem var utan við Reykjavík. Eftir nokkra leit fann ég flugskóla í Grafarvogi. En þá sá ég skilti um að hann hefði verið fluttur. Ég tók mynd af skiltinu og fór á þann stað sem var líka lokaður. Annar staðurinn var þó örugglega sá rétti og lét nægja að koma á báða."

Við flugskólann hitti Anne mann sem var á göngu með son sinn. Hann sagði henni frá hamingjustund í sundlaug þar sem hann hafði horft á son sinn stinga sér til sunds í fyrsta sinn.

„Ég fór því í sundlaugina sem hann fór gjarnan í með son sinn. Í lauginni hitti ég konu sem var nýkomin frá því að skoða fossinn Dynjanda á Vestfjörðum með ástralskri vinkonu sinni. Ég hélt því af stað til Vestfjarða. Dynjandi reyndist vera undurfallegur. Þegar ég fór þaðan hitti ég hjón sem tóku mig upp í bílreið sína."

Anne spurði hjónin um þeirra fegurstu minningar. Þau svöruðu af bragði að kvöldið áður hefðu þau snætt dýrindis málsverð á veitingastaðnum Kaffi Norðurfirði, nyrst í Árneshreppi á Ströndum, þar sem gjarnan er vísað til þess að vegurinn endi.

Varð þrítug þar sem vegurinn endar

„Ég hélt því til Norðurfjarðar. Hjónin Guðmundur og Þórlaug tóku mig upp í á leiðinni. Þau komu við hjá vinahjónum á Gjögri þar sem sama vinarþelið og venjulega mætti mér. Guðrún, konan á heimilinu, færði mér lopapeysu að gjöf sem var eins gott því mjög kalt er svo norðarlega. Þegar ég mætti á veitingastaðinn, Kaffi Norðurfjörð, var runninn upp þrjátíu ára afmælisdagurinn minn. Ég átti dásamlega kvöldstund sem endaði með því að konurnar færðu mér afmælisgláðning. Lítill fugl hafði hvíslað að þeim að ég ætti afmæli. Þetta var einstök stund."

Á Kaffi Norðurfirði sagði annar eigandinn mér að hennar hamingjustund hefði verið í þyrlu sem lent hafði framan við veitingastaðinn og tók þær með í flugferð. Ég fór á bryggjuna til að taka myndir. Þá hitti ég Guðmund og Þórlaugu, konu hans, aftur. Þau sögðu mér frá fallegu vatni í Stafafellsfjöllum í Lóni í Hornafirði. Það heitir Vötn. Þangað lá leiðin frá Norðurfirði."

Eftir þetta lá leið Anne upp á Fimmvörðuháls til að skoða ummerki eftir eldgosið í Eyjafjallajökli árið 2010.

Fann sjálf hamingjuna í ánni

„Þetta reyndist vera afar erfið gönguleið yfir Fimmvörðuháls. Eftir þetta sagði ég við sjálfa mig að þetta væri orðið gott. Ég átti eftir að dvelja nokkra daga á Íslandi sem ég notaði til hvíldar." Anne Marie á sér marga uppáhaldsstaði á Íslandi. Hún segir að uppáhaldsstaðurinn sé líklega í Reykjadal, skammt frá Hveragerði.

„Sá staður sem mér fannst ég verða að koma oftar á er Reykjadalur með sína heitu Reykjadalsá. Ég elska að baða mig í ánni. Ég á mér þann draum að koma aftur til Íslands og sjá staði sem ég gat ekki farið á þegar ég var í leiðangri mínum að finna hamingjustaðina."

Anne Marie segir að Íslandsferðin hafi skilað árangri.

„Ég kom aftur heim hæfari til að láta hamingjuna verða að veruleika í lífi mínu. Ég hafði verið í ófullnægjandi sambandi og í starfi fyrir samtök sem ekki kunnu að meta starfskrafta mína. Ferðin kenndi mér að treysta innsæi mínu til að taka réttar ákvarðanir og treysta rétta fólkinu. Ég kynntist miklum kærleika. Eftir að hafa notið góðmennsku ókunnugra í heilan mánuð lærði ég heilmikið um lífið og mannlífið.

„Við heimkomuna frá Íslandi sagði ég starfi mínu lausu og yfirgaf borgarlífið í Denver, Colorado þar sem ég hafði búið. Ég flutti til lítils fjallabæjar, Jackson í Wyoming."

Anne Marie er rithöfundur. Áður en hún lagði upp í Íslandsferðina hafði hún skrifað barnabók. Á Íslandi hélt hún dagbók og skráði hjá sér atburði og nöfn.

„Við heimkomuna sannfærðist ég um að ég ætti að skrifa um ævintýri mitt á Íslandi. Mér fannst ég verða að deila lærdómi mínum og þessari sögu með öðru fólki. En það tók mig sex mánuði að safna kjarki til að setjast við tölvuna og skrá söguna, sem heitir Happy Iceland. Ég var svo vantrúuð á getu mína til að skrá söguna með réttum hætti. Vinkona mín hvatti mig óspart til að skrifa. Loksins gerði ég samning við hana um að ég skrifaði tvo kafla á hverjum tveimur vikum eða greiddi henni að öðrum kosti 100 dollara í reiðufé. Þetta varð til þess að ég skrifaði alla bókina á þremur mánuðum. Þá sendi ég handritið á valda aðila til að fá gagnrýni og handleiðslu."

„Ég vonast til þess að fá útgefanda til að gefa bókina mína út. Mér finnst saga mín eiga erindi til margra. Ég hef átt nokkra fundi með útgefendum sem hafa látið í ljósi vilja til þess að gefa út bókina. Ég hef fengið góð viðbrögð og vonast til þess að bókin komi út og njóti velgengni í sölu. Ég er stolt af bókinni minni."

Niðurstaða af Íslandsævintýrinu er sú að áform Anne Marie gengu eftir og hún fann hamingjuna þótt hún snerist ekki um ástir.

„Ég er miklu hamingjusamari í dag en áður. Ég hef ekki farið inn í nýtt ástarsamband en það er allt í lagi. Ég lifi innihaldsríku lífi og hef öðlast lífsfyllingu og sjálfstraust." ■





Anne við Hengifoss Einn af fossunum sem Anne skoðaði er Hengifoss fyrir austan.

> **Ég er miklu hamingjusamari í dag en áður.**